

Víkurskóli

Námsval 2022-2023
8.-10. bekkur



Gangi ykkur vel að velja 😊



Valinu á að skila rafrænt í síðasta lagi

mánudaginn 23. maí 📅

Nám í valgreinum – sömu kröfur og í öðrum greinum

Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Sömu námslegar kröfur eru gerðar í valgreinum og í öðrum greinum sem kenndar eru í grunnskólum. Góðum verkum fylgir ævinlega ánægja og tryggasta leiðin til að vera ánægður í skóla er nú sem fyrr að leggja sig fram.

Hver kennslustund er 80 mínútur

- 8. bekkur velur 2 kennslustundir yfir allt skólaárið (80 mín).
- 9. bekkur velur 4 kennslustundir yfir allt skólaárið (160 mín).
- 10. bekkur velja 5 kennslustundir yfir allt skólaárið (200 mín).

Nauðsynlegt er að velja a.m.k. 6-8 greinar til vara, því ekki er víst að hægt verði að uppfylla allar óskir. Athuga að vegna fjölda í hópum geta ákveðnar greinar lokast vegna fjöldatakmarkana og einnig geta valgreinar fallið niður vegna lítillar þátttöku.

Mikilvæg atriði!

- **Rafrænu vali lýkur mánudaginn 23. maí.**
- Val kallar á ábyrgð og því er mikilvægt fyrir hvern og einn nemanda að ígrunda þá kosti sem eru í boði. Þegar þú velur þér valgreinar skaltu hafa áhugasvið þín og styrkleika í huga.
- Vandíð valið því það getur verið erfitt að breyta seinna

Valfögin

Acrylmálun á striga – eigið áhugasvið	5
Athyglisverð umhverfismál: hvað getum við gert?	5
Auglýsinga, plakat og kortagerð – grafík- og þrykktækni.....	5
Árbók – 10.bekkur	6
Bakstur	6
Boltaíþróttir	6
Bíó handavinna	7
Boostbarinn og hollt og gott snakk.....	7
Bókaklúbbur	7
Drekar og dýflissur	8
Erasmus+ val	8
Fab Lab	9
Fancy some tea and crumpets? - Bresk menningarsaga	9
Fatahönnun; endurvinnsla – nýsköpun	9
First Lego League	10
Fjallganga.....	10
Fjarnám við Fjölbautarskólann í Ármúla	10
Fornám ökunáms – umferðarfræðsla.....	11
Forritun.....	11
Framtíðarborgin.....	11
Fréttabréf náttúruvísinda	12
Frjáls myndlist – eigið áhugasvið.....	12
Gagnrýnin hugsun og fjölmiðlar	12
Geislaskerinn – hönnun.....	13
Heillandi hljómar.....	13
Heimspeki og kvikmyndir.....	13
Hip-Hop menning	14
Hljóðhönnun fyrir tölvuleiki og kvikmyndir	14
Hraustir krakkar – morgunæfing	14
Hreyfing, hollt mataræði, geðrækt og lífsstíll.....	14
Ísland er land mitt – jarðfræði Íslands	15
Íslenskur galdur - saga galdra	15
Jólaval.....	16
Jólaval – gluggaskreytingar í skólann okkar	16
Keramík og leir	16
Lélegar bíómyndir/Költ myndir	16
Listanámsbraut í Borgarholtsskóla.....	17
Líkamspartar og list	17
Matreiðsla – framandi grænmetisréttir	18
Matreiðsla frá ýmsum löndum.....	18

Málmtæknival – MSG1A03	18
Menning popptónlistar	19
Nemendaráð	19
Skapandi skrif fyrir leikhús og kvikmyndir	19
Skapandi skrif - smásögur	20
Skapandi vinna með fyrirmyndir, núvitund, jóga, slökun og hugleiðsla.....	20
Skartgripahönnun/málmsmíði	20
Skrekkur	21
Sköpun og listasaga – eigið efnisval.....	21
Slakaðu á!	21
Smákökubakstur.....	22
SNAG golf	22
Starfsnám í frístundaheimili	22
Syngjum saman.....	23
Talsetning.....	23
Teikning og málun eftir ljósmyndum	23
Textíll og tækni	24
Tónlistarframleiðsla / tónsmíðar	24
Tónlistarmeðferð	24
Tónvísindi I (fyrir 8. bekk)	25
Tónvísindi II (fyrir 9.-10. bekk)	25
Útivist og umhverfisskoðun.....	25
Val utan skóla.....	25
Vefsíðugerð I	26
Vefsíðugerð II	26
Verkleg náttúrufræði	26
Viðburðastjórnun	27
Vísindasmiðjan.....	27
Vísindatímavélin – saga vísinda	27
Zumba	28

Námslýsing á valgreinum

Acrylmálun á striga – eigið áhugasvið

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Nemendur vinna alfarið með eigið ímyndunarafl, hugmyndir og áhugasvið. Kynnt verða ýmiskonar tækni og aðferðir við málun á striga og unnið með gæðamálningu eða listamannaliti.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks í málun
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- öðlist meiri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Athyglisverð umhverfismál: hvað getum við gert?

Kennt á haustönn.
Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Í þessu vali skoðum við hvað eru loftslagsbreytingar? Hverjar eru orsakir þeirra? Af hverju skiptir umræðan máli? Hér fræðast nemendur um ýmis umhverfismál og loftslagsbreytingar í sinni víðustu mynd. Með því að styðjast við sjónvarpsefni, netvafra og einfaldar tilraunir mun meðvitund nemenda um mikilvægi þessara málefna aukast, hver áhrifin eru á samfélagið og ræddar verða aðgerðir til úrbóta.

Markmiðin eru að nemendur:

- velti fyrir sér eigin lífnaðarháttum og hvað hver og einn getur gert til þess að verða umhverfisvænni
- kynnist ólíkum miðlum og tækni og öðlist dýpri skilning á loftslagsmálum
- tileinki sér skilning og geti tjáð sig um vísindalegar grunnhugmyndir á bakvið loftslagsbreytingarnar.
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu sinni.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Auglýsinga, plakat og kortagerð – grafík- og þrykkætækni

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Í þessu vali læra nemendur að gera auglýsingar, plaköt og allskonar kort og boðskort. Unnið verður á forrit í tölvum, með ýmis skemmtileg þemu, stafagerð og myndir. Einnig munu nemendur vinna og þrykkja plakat með grafíktækni

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skapandi vinnu í tölvu og með forrit tengd því
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að vinna með mismunandi tækni í höndum og tölvum

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Árbók – 10.bekkur

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 10 bekk.

Í þessu vali vinnum við skemmtilega og fallega árbók/ársrit með myndum og texta um alla nemendur í 10 bekk sem verður gefin til allra sem útskrifast. Safnað verður auglýsingum og styrkjum til útgáfu bókarinnar. Við vinnum í útgáfuteymi og hópa- og samvinna er mjög mikilvæg.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist hæfni í að vinna skipulega og kynnist undirstöðuatriðum í útgáfu
- læri að setja upp texta og myndir í myndvinnsluforriti
- æfist í að efla eigið hugarflug í hönnun, skrifum, myndmáli og framsetningu
- kynnist hönnun og útgáfu
- geti tekið viðtöl og skrifað stuttar greinar
- geti verið skapandi og samvinnuþýðir
- geti veitt og tekið gagnrýni

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Bakstur

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Nemendur fá þjálfun í að baka brauð og kökur. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Mikið er lagt upp úr góðu vinnulagi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Umræður um manneldismarkmið, hagsýni og umhverfisvernd fléttast inn í vinnuferlið. Allir tímar eru verklegir.

Markmiðin eru að nemendur:

- fái tilsögn við bakstur á hinum ýmsu tegundum af brauðmeti og kökum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum bakstursaðferðum
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum

Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum, bæði munnlegum og skriflegum. Einnig að nemendur vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin og síðast en ekki síst haldi ró sinni og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Boltaíþróttir

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Farið verður í helstu boltagreinar fótbolta, körfubolta, handbolta, bandy, blak og e.t.v. einhverjar fleiri.

Nemendur æfa sig í misjöfnum boltaleikjum og taktík með því markmiði að allir þátttakendur séu virkir.

Stöku sinnum fer kennsla fram í kennslustofu þar sem farið verður í grunntækni, leikfræði og leikreglur og unnið í verkefnum því tengdu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttagrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- skilji að í boltaíþróttum eru allir spilarar jafn mikilvægir
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu þjálfunar í hverri boltagrein.
- fari eftir samþykktum reglum og styðji hver annan á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Bíó handavinna

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Horft verður á kvikmyndir á meðan nemendur vinna með textíl í höndunum. Hver nemandi velur sér tækni til að vinna með út frá eigin áhugasviði t.d. hekl, prjón, útsaum eða nálabæfingu svo dæmi séu nefnd. Nemendur hafa það heimilislegt, horfa á sígildar kvikmyndir og vinna í höndunum um leið.

Markmiðin eru að nemendur:

- vinni verk/hlut út frá eigin áhugasviði.
- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- kynnist sígildum kvikmyndum
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Boostbarinn og hollt og gott snakk

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Nemendur læra að útbúa æðislega holla drykki og safu eftir uppskriftum, sykurlausan ávaxtaís og allskonar hollt snakk. Námið er verklegt og er smakkað í tíma og afrakstur tekinn með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni og þekkingu á heilsugefandi mataræði
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og aðferðir
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Bókaklúbbur

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Finnst þér gaman að lesa? Vildir þú að þú gætir talað um bækurnar sem þú ert að lesa?

Nemendur velja saman nokkrar bækur sem við lesum svo saman. Í hverri viku spjöllum við um þá bók sem við erum að lesa yfir tebolla.

Markmiðin eru að nemendur:

- auki lesskilning
- auki áhuga sinn á yndislestri

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Drekar og dýflissur

Kennslustund 80. mín
Í boði fyrir 8. – 10. bekk

Í drekum og dýflissum bregða nemendur sér í hlutverk ferðalanga í ævintýraheimi Dungeons & Dragons sem er bæði vinsælasta og þekktasta spunaspil (tabletop role playing game) í heimi. Nemendur læra að búa til ævintýrapersónu sem getur verið allt milli himins og jarðar. Til dæmis snobbaður skógarálfur með andúð á búalfum eða orðheppinn farandssöngvari sem er sífellt að koma sér í vandræði. Jú eða ofvaxinn orki með skapvandamál... Hvernig persóna sem verður fyrir valinu þá fá nemendur að vinna saman í föruneyti og spreyta sig á ýmis konar ævintýrum.

Dæmi um ævintýri væri að stöðva illan seiðskratta frá því að breyta öllum íbúum í borginni Vatnadjúpi í uppvakninga. Til þess að takast að stöðva seiðskrattann þurfa ferðalangarnir að vinna saman að því að leysa ýmsar þrautir, meðal annars að sigrast á hópi af drýslum (goblins) og komast heilu og höldnu í gegnum dýflissu galdramannsins.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Erasmus+ val

Í boði fyrir 9. – 10. bekk

Víkurskóli tekur þátt í þremur Erasmus+ verkefnum næsta skólaár með nemendum. Að taka þátt í erlendu samstarfi er bæði gefandi og krefjandi. Meðal verkefna er að fara sem fulltrú skólans til útlanda og taka þátt í þeim verkefnum sem eru í brennidepli hverju sinni, slíkar ferðir þarf að undirbúa og vinna síðan úr þegar heim er komið. Einnig er mikilvægt að vera góður gestgjafi og þá skipuleggja nemendur í samvinnu við kennara dagskrá og taka síðan þátt í henni.

Þetta er val er fyrir þá sem hafa áhuga á að kynnast fólki frá öðrum löndum og menningu þeirra, og auka þannig vísýni sína. Þetta hentar vel þeim sem eru óhræddir við að tjá sig á ensku og eru sjálfstæðir og góðir leiðtogar.

Áætlaðar eru 5-7 utanlandsferðir á næsta ári með nemendum sem fara í 4-6 manna hópum ásamt kennurum. Fyrir hverja ferð sækja nemendur um þátttöku og þá er mikilvægt að hafa verið með góða skólasókn og geta farið eftir öllum fyrirmælum því það felst mikil ábyrgð í því að ferðast sem fulltrú skólans á erlendri grundu.

Valið er ekki fest í töflu en nemendur eru kallaðir til í skorpum eftir álagi í hverju verkefni.

Fab Lab

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Í Fab Lab smiðju fá nemendur tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og vinna að nýsköpun, hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna og móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Fancy some tea and crumpets? - Bresk menningarsaga

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Farið verður í menningu Bretlands og af hverju enskan er eins og hún. Hvað gerir þessa litlu eyju í Atlantshafi að gríðarstóru heimsveldi og tungumálið hennar að alþjóðlegu máli?

Leitað verður m.a. svara við spurningum eins og: Hverjir voru Keltar? Var Artúr konungur til? Af hverju er svona mikil franska í enskunni? Hvaða konungur átti 6 eiginkonur? Af hverju voru Bítlarnir svona vinsælir? Af hverju syrgði heimsbyggðin Díönu prinsessu?

Nemendur kynnast menningu og sögu Bretlands og áhrifa þess á heimsbyggðina, geta þekkt helstu atburði sem gerst hafa í sögu Bretlands sem og borið kennsl á þekktasta fólkið í gegnum tíðina.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Fatahönnun; endurvinnsla – nýsköpun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Í áfanganum er áhersla lögð á endurnýtingu textíls þar sem skapandi hugsun og lausnamiðun nemenda ráða ríkjum. Nemendur læra tæknileg undirstöðuatriði í fatagerð og fatahönnun.

Lögð er áhersla á hugmyndaöflun, skissuvinnu og tiskuteikningu. Í gegnum ferlið er lagt upp með að nemendur skilji vinnuferlið frá hugmynd að fullunninni flík og temji sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð. Lögð er áhersla á lifandi ferli þar sem samspil textíls, hönnunar og framkvæmdar tekur mið og tillit til hvers annars.

Markmiðin eru að nemendur:

- geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun- og textílvinnu
- velti fyrir sér mikilvægi endurvinnslu, flokkunar, nýtingar og niðurbrots efna
- geti beitt fjölbreyttum aðferðum, áhöldum og vélum greinarinnar í textílvinnu
- öðlist öryggi og sjálfstæði tengt textíl og saumaskap
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

First Lego League

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Valnámskeið þar sem lokamarkmiðið er First Lego League keppnin sem haldin verður um miðjan nóvember n.k. á vegum Háskóla Íslands, Nýherja, Krumma og fleiri samstarfsaðila. Keppnin er haldin í stóra salnum í Háskólabíó.

Nemendur undirbúa sig fyrir keppnina sem felst í því að:

- rannsaka og leysa raunverulegt vandamál sem byggir á þema áskorunarinnar
- kynna rannsóknir sínar og lausnir
- smíða sjálfvirkt vélmenni með verkfræðilegum aðferðum

Valnámskeiðið hefst strax í upphafi annar og lýkur með keppninni á laugardegi í nóvember. Nemendur mæta í fasta tíma og aukatíma eins og þurfa þykir (meira eftir því sem nær dregur keppnisdegi). Á keppnisdegi er gert ráð fyrir að nemendur mæti líkt og um kennsludag sé að ræða.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Fjallganga

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Nemendur fá fræðslu um nauðsynlegan búnað fyrir fjallgöngur og útvist. Í framhaldinu verður gengið á nokkur fjöll í nágrenni Reykjavíkur og ef aðstæður verður klettklifur í línu. Fjallgönguvalið er fyrstu 6 – 8 vikurnar á haustönn og síðustu 6 – 8 vikurnar á vorönn.

Markmiðin eru að nemendur:

- skilji mikilvægi góðs útbúnaðar
- njóti útvistar í íslenskri náttúru á öruggan og ábyrgan hátt
- beri virðingu fyrir náttúrunni og gangi vel um

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Fjarnám við Fjölbrautarskólann í Ármúla

Skráning í fjarnám er í byrjun september.

Í boði fyrir: 10. bekk.

Fjarnám er fyrir nemendur sem skara fram úr í námi, almennt eða í einstaka námsgreinum, t.d. nemendur sem hafa búið erlendis og hafa forskot í erlendu tungumáli geta skráð sig í fjarnám.

Nemendur sem fá B+ eða A í einkunn 9. bekk geta sótt um að taka áfanga í fjarnámi. Athugið að fjarnám krefst þess að nemandi sýni mikinn aga, kunni að skipuleggja sig og sé samviskusamur. Með því að skrá sig í fjarnám skuldbindur nemandi sig til þess að ljúka áfanganum. Bókakostnaður greiðist af foreldrum/forráðamönnum.

Hægt er að skoða hvað er í boði inn á heimasíðum skólanna, ýmsar greinar í boði: Fjölbrautaskólinn við Ármúla, fa.is - <https://www.fa.is/fjarnam/afangar-i-bodi/fjarnam/>

Fornám ökunáms – umferðarfræðsla

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 10. bekk

Nemendur fræðast um þætti sem tengjast ökunámi og akstri að því loknu. Þeir kynnst viðhorfum sem tengjast umferð og umferðarmenningu.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist og læri, um búnað ökutækis, að þekkja umferðarmerkingar þekkja umferðarreglur og um orsakir umferðarslysa og áhættuþáttum í umferð
- móti viðhorf gagnvart ölvunarakstri og hraðakstri
- fái heildstæða mynd af ökunámi
- verði hæfari í að taka bílpróf þegar þar að kemur

Námið samanstendur af fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru ýmist einstaklingslega eða í hóp. Stefnt verður á að fara í vettvangsferðir og aðfengnir fyrirlesarar koma hugsanlega í skólann með fræðslu.

Námsbækur: Stuðst verður við útgefna kennslubækur fyrir ökunema ásamt myndböndum, nýjum umferðarlögum og efni frá kennara.

Námsmat: Símat þar sem verkefni nemanda og virkni er metin. Áfanginn er metinn lokið/ólukið.

Forritun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Valnámskeið þar sem nemendur taka fyrstu skrefin í forritun. Unnið verður meðal annars í Python sem er mest notaða forritunarmálið um þessar mundir, auk þess nemendur kynnst Scratch. Að auki fá nemendur að kynnst ýmsum tækjum og tólum, t.d. forritun á drónum og Spheró kúlum.

Markmiðin eru að nemendur

- fái aukinn áhuga á forritun
- læri að hugsa eins og forritarar
- geti búið til einföld forrit
- skilji hvernig þjarkar (vélmenni) eru forritaðir til að vinna hin ýmsu verk í t.d. iðnaði og á sjúkrahúsum

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Framtíðarborgin

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8. – 10. bekk

Viltu ímynda þér og hanna borg framtíðarinnar og læra á verkfærin í nýsköpunarstofunni í leiðinni? Í þessu valfagi gefst nemendum tækifæri til að vinna með áskoranir og lausnir og búa til líkön með því að nota þrívíddarprentara, laserskera og örtölvur.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla

Fréttabréf náttúruvísinda

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Þessi áfangi er ætlaður öllum nemendum sem hafa áhuga og eru forvitnir um vísindi. Unnið er með mismunandi þemu yfir önnina undir leiðsögn kennara og búnar til fréttir efnið. Óskir nemenda og áhugamál ræður efnisvali. Hópurinn mun búa til fréttabréf sem verður birt. Engrar kunnáttu er krafist bara áhugi og vilji til að taka þátt. Vinna er í tölvum og nemendur öðlast færni í vísindalæsi.

Markmiðin eru að nemendur:

- þjálfist í vísindalæsi (að lesa, skilja og útskýra upplýsingar)
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu sinni
- öðlist hæfni í að vinna sjálfstætt og skipulega með ólík efni, m.a. út frá eigin áhugasviði.
- læri að setja upp texta og myndir og kynnist vinnu sinni í útgáfu
- öðlist færni í að skoða og ígrunda jákvæða og neikvæða notkun vísinda í samfélaginu

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Frjáls myndlist – eigið áhugasvið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Nemendur velja það sem þá langar að vinna með t.d. málun, leir, teikning, blönduð tækni o.fl. Kynntar verða ýmsar aðferðir til að auðvelda valið. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli, eigin myndheim og áhugasvið.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- kynnist ólíkum miðlum og tækni og öðlist dýpri skilning, getu og hæfni í eigin sköpun
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við sköpun eigin verka
- öðlist færni í að tjá og meta eigin vinnubrögð og verk jafnt sem annarra

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Gagnrýnin hugsun og fjölmiðlar

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Nemendur læra um undirstöðuatriði í gagnrýninni hugsun og helstu rökvillur. Þau rýna síðan í ýmiskonar fjölmiðlaefni og æfa sig í að leggja mat á það, seta það í víðara samhengi og finna í því dæmi um rökvillur. Kennsla verður í formi umræðna og verkefna.

Markmiðin eru að nemendur :

- efli með sér gagnrýna hugsun og fjölmiðlalæsi
- átti sig á helstu rökvillum
- geti tjáð skoðanir sínar skýrt og skipulega

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla

Geislaskerinn – hönnun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Nemendur fá að kynna Glowforge geislaskeranum sem hægt er að nota á fjölbreyttan hátt. Nemendur vinna að sjálfstæðu verkefni út frá áhugasviði sínu þar sem geislaskerinn er notaðar sem og önnur tækni sem hentar verkefni hvers nemanda. Geislaskerinn er hægt að nota á fjölbreyttan efnivið, s.s. krossvið, plexíglar og textíl og hægt að gera hluti á borð við lampa, veggspjöld/myndir eða skartgrip. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu og vandað handverk.

Markmiðin eru að nemendur:

- velji aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra
- geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað og geti fjallað um vinnuvernd
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum sem og frásögn af verki/hlut sínum.

Heillandi hljómar

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Söngleikjamyndir hafa ávallt verið vinsælar - allt frá The Wizard of Oz til The Greatest Showman. Í þessum valáfanga fá nemendur tækifæri til að horfa saman og njóta söngleikja allt frá upphafsárum þeirra til dagsins í dag, mynda sér skoðun á þeim og vinna lítil og skemmtileg verkefni út frá þeim ásamt því að taka þátt í umræðum. Nemendur ákveða með kennara þær myndir sem sýndar verða út frá fyrirfram ákveðnum lista kennarans.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist töfrum söngleikja
- geti myndað sér gagnrýna skoðun á söngleikjum.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Heimspeki og kvikmyndir

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kvikmyndir eru bæði skemmtilegar og hentugar til að velta fyrir sér heimspekilegum spurningum, skoða siðferðileg álitamál eða samfélagsrýni.

Í áfanganum verða kvikmyndir notaðar sem kveikjur og kennsluefni til þess að fjalla um heimspekileg viðfangsefni, siðfræðileg álitamál, fagurfræðileg þemu og gagnrýna hugsun.

Markmiðið er að nemendur:

- efli með sér sjálfstæða hugsun
- geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir skýrt og fært fyrir þeim rök
- verði færir um að takast á við ýmis heimspekileg viðfangsefni og ígrundanir

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Hip-Hop menning

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Í áfanganum kynnst nemendur hip-hop menningu í víðu samhengi. Hvaðan rætur menningarinnar liggja, hvernig hún spratt upp og hefur blómstrað á síðastliðnum árum. Farið er yfir uppruna hip-hop menningar, áhrif hennar á þróun nútíma samfélaga út frá mannréttindum, sögulegum atburðum, tísku og tónlist.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu á sögu hip-hop menningar
- kynnst hip-hop menningunni í gegnum tónlist, klæðnað, kvikmyndir og listir
- þekki helstu áhrifavalda hip-hop menningar
- öðlist öryggi og sjálfstraust
- öðlist færni í að tjá eigin skoðanir út frá hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Hljóðhönnun fyrir tölvuleiki og kvikmyndir

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Í þessu námskeiði læra nemendur hvernig hljóðstjórar í kvikmynda- og tölvuleikjainnaði vinna. Hvernig eru hljóð fyrir tölvuleiki tekin upp og klippt? Hvernig eru hljóðeffectar / áhrifshljóð / hljóðbrellur gerðar fyrir kvikmyndir og tölvuleiki?

Markmiðin eru að nemendur:

- geti notað hugbúnað til að vinna með hljóð
- geti tekið upp hljóð sem þeir þurfa að nota
- geti unnið með leikurum og tónskáldum
- geti prófað leiki til að finna hljóðgalla

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Hraustir krakkar – morgunæfing

Kennslustund: 80 mín. Tíminn er kenndur frá kl. 7.40-8.40

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Hugsað fyrir nemendur sem vilja æfa áður en skóladagurinn hefst. Æfingar eru í litla líkamsræktarsalnum í skólanum. Nemendur fá tíma til að skipta um föt/fara í sturtu áður en skóladagurinn hefst. Áhersla er lögð á styrktaræfingar og að nemendur upplifi að það sé gaman að hreyfa sig í góðum félagsskap.

Markmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda holla og góða hreyfingu fyrir líkamlega og andlega heilsu.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Hreyfing, hollt mataræði, geðrækt og lífsstíll

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Allir þessir þættir verða að haldast í hendur í okkar daglega lífi, svo við getum lifað góðu lífi. Í þessu námskeiði verður fjallað um mikilvægi hreyfingar, holls mataræðis, og andlega heilsu.

Ýmist verður útivera, eða einhvers konar hreyfing í tímunum. Farið verður í íþróttasalinn eða í tækjasalinn í skólanum. Einnig verður fræðsla um næringu, geðheilsu og hvað þarf að vera til staðar svo okkur líði vel. Hver er munurinn á góðum og slæmum lífstíl. Við munum fræðast um mikilvægi þess að hugsa vel um heilsuna okkar.

Markmiðin eru að nemendur:

- átti sig á mikilvægi góðs lífstíls
- skilji mikilvægi holls mataræðis
- átti sig á mikilvægi hreyfingar
- hlúi að andlegri vellíðan

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Ísland er land mitt – jarðfræði Íslands

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Nemendur læra sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu tilliti – hvenær og hvernig Ísland varð til, af hverju er jarðfræði Íslands svo sérstök, hvernig hefur hún áhrif á okkur og hvað er gert til að vernda þessa sérstöku náttúru í kringum okkur. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg, þar sem framkvæmdar verða einfaldar tilraunir til að dýpka skilning á hugtökum. Valið er undirbúningur fyrir frekara nám á náttúrufræðibraut þ.s. jarðfræði er partur af náminu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist þekkingu á helstu hugtökum í jarðfræði
- þjálfri sjálfstæði og gagnrýna hugsun í vinnubrögðum og frumkvæði við úrvinnslu verkefna
- öðlist færni í að lesa upplýsingar úr náttúrunni.
- öðlist færni í að vinna með mismunandi tækni t.d. verklega og í tölvum.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Íslenskur galdur - saga galdra

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Tilberar, nábrækur og draumstafir – nemendur fræðast um galdra í sögulegu samhengi, galdrabrennurnar og hvernig fólk trúði því að galdrar væru notaðir.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist annarri hlið á sögu Íslands.
- læri að nota gömlu FUPARK rúnirnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Jólaval

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Nemendur vinna verkefni að eigin vali þar sem ljósasería er notuð. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu og vandað handverk.

Markmiðin eru að nemendur:

- velji aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra
- geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningum
- geti beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Jólaval – gluggaskreytingar í skólann okkar

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Nemendur vinna hugmyndir og hanna jólaskreytingar í glugga skólans og sjá um að koma þeim fyrir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Keramík og leir

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10 bekk.

Lýsing: Í þessu vali læra nemendur að gera keramik eftir mótum og leirmótun og að vinna með glerunga/málun og skreytingu leirs.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun og tækni
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Lélegar bíómyndir/Költ myndir

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Eru sumar myndir svo slæmar að þær eru góðar? Hvernig verða myndir „költ“ myndir? Í þessu vali munu nemendur horfa á nokkrar kvikmyndir sem eru þekktar sem slæmar myndir og greina af hverju þær hafa þetta orðspor.

Markmiðin eru að nemendur:

- læri að greina myndir út frá félagslegum, fagurfræðilegum og kvikmyndagerðarþáttum.
- öðlist skilning á mismunandi þáttum við kvikmyndagerð.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Listanámsbraut í Borgarholtsskóla

Kennarar við listnámsbraut Borgarholtsskóla bjóða uppá spennandi áfanga fyrir nemendur í **10. bekk** í vetur.

Nemendur fá kynningu á þremur kjörsviðum listnámsbrautar skólans og tækifæri til að reyna sig við listgreinarnar undir leiðsögn fagfólks. Hver listgrein verður kennd í tveimur lotum og lotur hvers sviðs kenndar til skiptis. **Kennt verður í Borgarholtsskóla tvær klst einu sinni í viku allt skólaárið 2022-2023.**

Grafísk hönnun

Í grafíska hlutanum kynnast nemendur teikningu, lita- og formfræði og tengingu sjónlista við grafíska hönnun. Nemendur fá einnig grunn í hreyfimyndagerð og þjálfun í stafrænni vinnslu. Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og leikni með framsetningu myndmáls og hæfni bæði til að beita myndmáli og skilja mikilvægi og samhengi þessi í nútíma samfélagi.

Leiklist

Með leikgleði, samvinnu og skapandi hugsun að leiðarljósi munu kennarar fara yfir undirstöðuatriði leiklistar sem listgreinar. Nemendur kynnast sögu leikhússins, mismunandi aðferðarfræði þess. Nemendur gera spunaæfingar og sviðsetja stutt leikin atriði. Nemendur munu fá innsýn inn í fjölbreytt störf leikhússins og kvikmyndageirans og í leiðinni efla með sér sjálfstraust og örugga framkomu.

Innsýn í skapandi kvikmyndagerð

Bíómyndir, sjónvarpsefni, tónlistarmyndbönd, auglýsingar, fréttir og beinar útsendingar. Í áfanganum fá nemendur að kynnast mismunandi hliðum kvikmyndagerðar. Farið verður í grunnþætti við undirbúning, kvikmyndatöku og úrvinnslu auk þess sem nemendur læra að nýta tæknina til sköpunar og fá að spreyta sig á helstu tæknistörfum í myndveru. Kvikmyndagerð er í eðli sínu hópvinna og lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu til að ná sameiginlegum markmiðum.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur **5 einingar á framhaldskólastigi.**

Líkamspartar og list

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Nemendur vinna nákvæmt með ákveðna líkamsparta hverju sinni t.d. hendi, fót, höfuð, andlit, bók. Þeir velja það sem þá langar að vinna með t.d. málun, leir, teikning, blönduð tækni o.fl. Kynntar verða ýmsar aðferðir til að auðvelda val. Lögð er áhersla á að bæta tækni og færni, virkja ímyndunarafl, eigin myndheim og áhugasvið.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði.
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist.
- kynnist ólíkum miðlum og tækni og öðlist dýpri skilning, getu og hæfni í eigin sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin vinnubrögð og verk jafnt sem annarra.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Matreiðsla – framandi grænmetisréttir

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8. – 10. bekk.

Nemendur læra að gera spennandi og bragðgóða grænmetis/vegan rétti frá ýmsum löndum. Námið er verklegt og er afraksturinn smakkaður í tímum og tekinn með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu á grænmetis og vegan fæði
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og að sjá um framleiðslu mismunandi rétta
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Matreiðsla frá ýmsum löndum

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Nemendur fá kynningu á matarmenningu frá nokkrum löndum og elda skemmtilega rétti frá þeim löndum. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Mikið er lagt upp úr góðu vinnulagi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Umræður um manneldismarkmið, hagsýni og umhverfisvernd fléttast inn í vinnuferlið. Flestir tímarnir eru verklegir, nokkrir tímar fara í kynningu á því landi sem við ætlum að vinna með hverju sinni.

Markmiðin eru að nemendur:

- fái leiðsögn í matreiðslu og kynnist hinum ýmsu réttum og hráefnum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum matreiðsluaðferðum
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörfin
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum

Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum, bæði munnlegum og skriflegum og að þeir vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin og síðast en ekki síst haldi ró sinni og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Málmtæknival – MSG1A03

Kennt allt árið

Kennslustund: 120 mín. allt árið. Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla, nemendur fá 3 f-einingar fyrir námið. Kennt í 120 mínútur á viku á mánudögum frá kl. 15:30 – 17:30.

Í boði fyrir: 10. bekk.

Kennari: Ellert Danelíusson, Mál- og véltæknisvið BHS

Málmiðngreinarnar eru fimm; tölvustýrð rennismíði, logsuða, plötuvinna, rennismíði og vélfræði. Skólaárinu er skipt í fimm hluta þar sem nemendur fá kynningu á framangreindum greinum. Auk þess verður farið í tölvuteikningar.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur **3 einingar** á framhaldskólastigi.

Menning popptónlistar

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Hér fræðast nemendur um dægurtónlist, raftónlist, stærstu tónlistarhátíðirnar, listamenn og framleiðendur, klúbba, danshreyfingar og klæðnað tengdan tónlistarmenningu.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki sögu dægurtónlistar
- þekki helstu tónlistarviðburði
- átti sig á því hvernig tónlistariðnaðurinn virkar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Nemendaráð

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Félagsmiðstöðin Vígyn starfar eftir hugmyndafræðinni um unglíngalýðræði. Því koma unglíngar eins mikið og unnt er að skipulagi, dagskrárgerð og útfærslum á viðburðum félagsmiðstöðvarinnar. Nemenda- og unglíngaráði sem og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar er ætlað að sjá til þess að unglíngalýðræði sé í hávegum haft m.a. með vikulegri fundarsetu þar sem málefni félagsmiðstöðvarinnar eru rædd. Nemendaráðsval stendur öllum til boða en ekki allir nemendur sem bjóða sig fram komast að, tekin verða viðtöl inn í nemendaráðið.

Til að hámarka virkni nemenda- og unglíngaráðsmeðlima skiptir ráðið með sér verkum. Allir meðlimir sitja í öðru ráðinu af tveimur ráðum nemenda- og unglíngaráðs. Ráðin eru markaðsráð og viðburðaráð og velja meðlimir sér ráð sem þeir hafa áhuga á að þjóna. Auk þess að sjá um almennt skipulag á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar munu meðlimir nemenda- og unglíngaráðs fá kennslu í þáttum er varða viðburðastjórnun, markaðssetningu, hvernig á að virkja aðra með sér, styrkingu sjálfsmyndar o.fl. þætti sem koma að því að efla meðlimi ráðsins félagslega.

Almennt um skyldur nemendaráðsmeðlima, virkni nemendaráðsmeðlima er gífurlega mikilvæg til þess að félagsmiðstöðin blómstri. Allir meðlimir nemendaráðs hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og verða þau metin eftir þessum þáttum:

Meti starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans fær viðkomandi áminningu eða beðinn að víkja úr ráðinu og þarf þá að finna sér aðra valgrein.

Námsmat: Lokið/ólókið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli

Skapandi skrif fyrir leikhús og kvikmyndir

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Lumar þú á frábærri hugmynd sem ætti heima á sviði eða í sjónvarpi? Tímar þar sem nemendur fá hjálp og kennslu í að skrifa handrit, hvort sem er fyrir leikhús eða kvikmyndir.

Nemendur munu einnig gefa og þiggja gagnrýni hver frá öðrum og hjálpast þannig að við að koma verkunum á skrið.

Markmiðin eru að nemendur:

- klári fyrstu útgáfu af eigin handriti
- þjálfist í að vinna sjálfstætt að skapandi skrifum

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Skapandi skrif - smásögur

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.- 10 bekk.

Nemendur læra um smásagna formið, stílbrögð og persónusköpun. Nemendur vinna ýmiskonar verkefni til þjálfunar, enda á að skrifa smásögu og gefa saman út smásagnarit Víkurskóla.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist smásagna forminu og stílbrögðum
- æfist í persónusköpun og ritfærni
- öðlist sjálftraust til að treysta á eigin sköpunarkraft

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Skapandi vinna með fyrirmyndir, núvitund, jóga, slökun og hugleiðsla

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8. - 10 bekk.

Eina sem þarf er áhugi, forvitni og að taka þátt. Nemendur fara í verkefnavinnu með fyrirmyndir á skapandi hátt ásamt því að vinna með núvitund, jóga, slökun og hugleiðslu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að skoða og ígrunda jákvæðar og neikvæðar fyrirmyndir
- öðlist sjálfspekkingu í gegnum fyrirmyndir
- geti nýtt sér jóga sem tæki í eigin lífi í allskonar aðstæðum
- geti nýtt sér aðferðir núvitundar í daglegu lífi

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Skartgripahönnun/málmsmiði

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk.

Nemendur læra að hanna sína eigin skartgrip og/eða annað að eigin vali. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Í skartgripahönnun læra nemendur hugmyndavinnu, skissu teikningu, efnisval og að gera eftir getu hvers og eins.

Markmiðin eru að nemendur:

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun
- leggi mat á eigin vinnubrögð
- nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist hönnun og iðnaði
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við nýsköpun eigin verka
- hugi að sjálfbærni og tileinki sér umhverfisvæna hugsun og framkvæmd
- kynni sér ólíka vinnuhætti við sköpun sína
- kanni umhverfi og menningu hönnunar
- beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum við formun afurða
- rökstyðji eigið val á efnivið, eftir viðfangsefni
- geti valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- geti unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu

- geti beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Skrekkur

Kennslustund: 80 mín. Vali lýkur eftir sýningu í Borgarleikhúsinu.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Undirbúningur og sýning á Skrekksatriði Víkurskóla árið 2022. Undirbúningur fyrir Skrekk er ákveðið ferli. Byrjað er á hugmyndavinnu, svo er unnið að handritsgerð og að lokum er atriðið æft til sýningar.

Í Skrekk fá hæfileikar nemenda að njóta sín. Þar vinna ólík listform saman eins og dans, leiklist, tjáning, tónlist, búningagerð og sviðsmyndagerð. Auk þess gefst tækifæri til þess að kynnst hinni tæknilegu hlið leikhússins, svo sem ljósum og hljóði. Skipulagshæfileikar nýtast einnig vel.

Markmiðið er að nemendur geti notið ólíkra listforma á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. og að nemendur vinni saman að því að skapa fullbúið atriði sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Lokið/ólókið

Sköpun og listasaga – eigið efnisval

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Nemendur læra um ýmsa stíla í myndlist og velja sér tímabil eða stíl til að endurvinnna verk. Ýmis tækni eða aðferðir eru notuð, málun, leir o.fl.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist listasögu frá mismunandi tímabilum, listamönnum og ólíkum miðlum sem unnið er í.
- öðlist færni í að nota ólíka miðla í eigin listsköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Slakaðu á!

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir 8.-10. bekk.

Í þessari valgrein kynnast nemendur tækni og aðferðum í öndun, athygli og slökun. Í hverjum tíma fer fram slökun þar sem nemendur liggja á jógadýnu og fá teppi til að breiða yfir sig. Nemendur eru leiddir í gegnum öndunaræfingu, djúpa slökun sem hjálpar til við að losa um spennu og hindranir hugans og fara í gegnum leidda hugleiðslu.

Fræðsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna, sjálfstæð vinnubrögð, verklegar æfingar

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist grunni slökunar, hugleiðslu, núvitundar og mikilvægi svefns.
- geti tekið þátt í öndunar-, slökunar- og hugleiðsluæfingum og framkvæmt þær æfingar sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Smákökubakstur

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Nemendur spreyta sig á að baka fjölbreyttar uppskriftir af smákökum. Námið er verklegt, smakkað í tímum og tekið með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni og þekkingu á smákökubakstri
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og aðferðir
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

SNAG golf

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Hvað er SNAG golf? SNAG snýst um að hafa gaman á meðan verið er að læra grundvallaratriðin í golfi. Hugtökin sem notuð eru í SNAG skapa skýrar myndir í huga nemandans og stuðla þannig að auknum skilningi hans á golfleiknum. Kennt verður í Víkurskóla og hjá Golfklúbbi Reykjavíkur.

Kennsluáferðir verða verkleg kennsla í íþróttasal og utandyra. Myndbönd. Þeir námsþættir sem farið verður í eru staða, grip, sveifla og önnur tækniatriði. Helstu kennslugögn sem notuð verða eftirfarandi. Kylfur, boltar og hringir og ýmisleg verkfæri sem tilheyra SNAG golfi. Venjulegar golfkylfur og boltar. Myndbönd.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist golfíþróttinni
- tileinki sér undirstöðuatriði íþróttarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Starfsnám í frístundaheimili

Kennt allt árið

Kennslustund: metið á samtals 80 mínútur/ tvær kennslustundir yfir skólaárið. Tímabil starfsnámsins er **frá október fram í mars/apríl**. Hægt verður að semja um hvaða dagar henta í samráði við forstöðumann á viðkomandi stað.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk

Umsjón: Víkurskóli, Félagsmiðstöðin Vígyn og frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland bjóða unglíngum að koma í starfsnám á frístundaheimilin og að börn á frístundaheimilum fái tækifæri til að kynnast unglíngum.

Markmiðin eru að nemendur:

- efli samskiptafærni sína
- læri viðburðastjórnun
- þjálfist í að sækja um starf og fara í atvinnuviðtal
- kynnist starfsemi frístundaheimila

Námsmat: Lokaeinkunn er lokið/ólókið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli að starfsnámi loknu sem viðkomandi getur nýtt sér síðar til að sækja um starf.

Syngjum saman

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Syngjum saman er samsöngval sem er fyrir alla hressa unglunga sem vilja taka þátt í söngstarfi. Nemendur velja sönglög in í samráði við kennara.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna að sameiginlegu markmiði í hóp
- læra undirstöðuatriðin í söng og raddbeitingu
- læra að syngja einradda og fjölradda lög
- þroski rödd sína og þrói
- öðlist skilning á söngröddinni og eiginleikum hennar
- njóti þess að syngja alls konar lög
- öðlist reynslu og þjálfun í að koma fram með sönghóp og syngja fyrir áheyrendur

Námsmat: Ástundun, viðhorf og þátttaka, lokið/ólókið.

Talsetning

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Nemendur læra helstu grunnatriði raddbeitingar og hvernig má nota þau til talsetningar á ýmsu efni. Hvernig getur Laddi einn talað fyrir alla strumpana? Hver er munurinn á að talsetja teiknimyndir og lesa inn á auglýsingar?

- Talsetning teiknimynda
- Talsetning leikins efnis
- Lesið inn á auglýsingar
- Lestur hljóðbóka
- Upptaka hljóðvarps (podcast).

Markmiðið er að nemendur:

- skapi skýra persónu með röddinni einni
- fái aukna æfingu í að tala skýrt og greinilega
- beiti röddinni á þann hátt sem aðstæður kalla á
- búi til „voice reel“ – samansafn af upptökum af rödd nemenda sem sýnir mismunandi hæfileika.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Teikning og málun eftir ljósmyndum

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Nemendur velja ljósmynd sem þá langar að vinna með, frjálst val og úr ótal möguleikum að velja. Tækni og aðferðir í teikningu og málun eru kynntar til að vinna með. Áhöld sem hægt er að velja úr eru m.a. ýmsir teikniblyantar, kol, blek, acrylmálning (listamannamálning), neoncolor, vatnslitir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Textíll og tækni

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Í áfanganum er lögð áhersla á að tvinna saman tækni og textíl á fjölbreyttan hátt. Unnið verður meðal annars með Glowforce geislaskera, Cricut vinylskera sem og rafrásir í textíl þar sem m.a. ljós eru sett inn í textíl. Nemendur vinna að sjálfstæðu verkefni út frá eigin áhugasviði þar sem textíll og tækni tvinnast saman. Lögð er áhersla á lifandi ferli þar sem samspil textíls, hönnunar og framkvæmdar tekur mið og tillit til hvers annars.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki fjölbreytta möguleika og sambættingu textíls og tækni
- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnunar- og textílvinnu
- geti beitt fjölbreyttum aðferðum, áhöldum og vélum greinarinnar í textílvinnu
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Tónlistarframleiðsla / tónsmíðar

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Nemendur eru undirbúnir fyrir vinnu sem hljóðmenn í hljóðveri. Þeir læra að undirbúa upptökur til spilunar á streymisveitum (Spotify, Apple Music) ásamt því að búa til sín eigin hljóð.

Þessi valgrein er ekki bara fyrir þá sem vilja búa til eða semja sína eigin tónlist heldur frekar fyrir þau sem vilja starfa við framleiðslu tónlistar og í upptökuveri sem hljóðmenn – upptökustjórar. Hér er um að ræða breytingar á hljóði, hljóðblöndun og tónlistarvinnslu.

Markmiðin eru að nemendur:

- nýti sér hugbúnað til að blanda og vinna (mixa og mastera) með tónlist og skilji tilganginn með honum
- þekki viðeigandi tæki (hljóðnema, heyrnartól og hátalara) og hvernig á að byggja upp hljóðver
- geti komið tónlist á streymisveitur svo sem Spotify
- viti hvernig þeir geta notað tóndæmi – tónlistarefni á lögmætan hátt

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Tónlistarmeðferð

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Slökunar námskeið þar sem nemendur læra hvernig þeir geta notað tónlist til að einbeita sér betur, til að slökunar og til að líða betur.

Markmiðin eru að nemendur:

- skilji hvernig tónlist eykur vellíðan og hvernig hljóðbylgjur virka
- átti sig á af hverju við hlustum á sorglega tónlist þegar við erum sorgmædd og hvað það gerir fyrir okkur
- skiljið hvernig við getum róað hugann og aukið einbeitingu með tónlist
- læri hvernig best er að búa til eigin lagalista bæði fyrir nám og svefn

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Tónvísindi I (fyrir 8. bekk)

Kennslustund: 80 mín

Þetta er fyrir nemendur sem hafa áhuga á tónfræði og vilja öðlast skilning á því af hverju tónlist í dag er eins og hún er. Hér verður tekin fyrir saga tónlistar, allt frá Grikklandi til forna, í gegnum klassíska tónlist og djass til raf-danstónlistar, dubstep og hip-hop. Einnig verður fjallað um grunnfræði tónlistar – nótnalestur og spilun einfaldra laglína á píanó

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Tónvísindi II (fyrir 9.-10. bekk)

Kennslustund: 80 mín

Þetta er fyrir nemendur sem hafa áhuga á tónfræði og vilja öðlast skilning á því af hverju tónlist í dag er eins og hún er. Hér verður tekin fyrir saga tónlistar, allt frá Grikklandi til forna, í gegnum klassíska tónlist og djass til raf-danstónlistar, dubstep og hip-hop. Einnig verður fjallað um grunnfræði tónlistar – nótnalestur og spilun einfaldra laglína á píanó

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Útivist og umhverfisfræðingur

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Nemendur fá innsýn inn í heim útivistar og kynnast ýmsum aðferðum um það hvernig hægt er að nýta náttúru og nærumhverfi til heilsuþóttar. Þeir læra um útivist, útbúnað fyrir gönguferðir í íslenskri náttúru og fá þjálfun í upplýsingaöflun með heimildavinnu. Kynntar eru almennar staðreyndir í umhverfisfræði, landafræði og jarðfræði sem tengdar verða við raunverulegar aðstæður.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á gildum útivistar í náttúru Íslands og virðingu fyrir náttúrulegum ferlum
- öðlist dýpri meðvitund fyrir þær fræðigreinar sem koma við sögu í nýtingu landsins
- öðlist dýpri skilning á búnaði, skipulagningu og nauðsynlegri þekkingu við útivist
- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla

Val utan skóla

Valið er metið sem 80 mínútur yfir allt skólaárið.

Hægt er að óska eftir að fá val utan skóla metið sem valgrein. N.k. haust fá nemendur afhent eyðublað sem fylla þarf út og skila á skrifstofu skólans með upplýsingum um hvar viðkomandi er að stunda sitt val utan skóla. Haft verður samband við viðkomandi aðila til að kanna ástundun nemenda.

Val utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni sé skilað undirritaðri af foreldri/forráðamanni á skrifstofu skólans.

Forsendur fyrir umsókn eru eftirfarandi:

- að valið sé formlegt og að tímasókn sé skráð
- allur kostnaður er greiddur af foreldrum
- foreldrar bera ábyrgð á þessu námi barna sinna gagnvart Víkurskóla og láta vita ef einhverjar breytingar verða á ástundun.
- tvisvar á ári (í janúar og undir lok maí) óskar Víkurskóli eftir staðfestingu á ástundun nemandans.

Námsmat: Gefið er lokið/ólókið

Vefsíðugerð I

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.-10 bekk.

Í þessu vali læra nemendur að gera einfalda vefsíðu. Engrar kunnáttu er krafist bara áhugi og vilji til að læra, vinna í tölvum og öðlast færni í vefsíðugerð.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að fara eftir fyrirmælum
- öðlist hæfni og getu í hönnun með texta, myndir og uppsetningu síðu
- öðlist hæfni og getu í nýsköpun með fullgerðri vefsíðu

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Vefsíðugerð II

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 9. – 10. bekk.

Nemendur sem lokið hafa vefsíðugerði I eða búa yfir góðri almennri tölvukunnáttu læra hér að gera flóknari vefsíðu og að vinna með flóknari sniðmát.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að fara eftir fyrirmælum
- öðlist hæfni og getu í hönnun með texta, myndir og uppsetningu síðu í flóknari viðmóti
- öðlist hæfni og getu í nýsköpun með fullgerðri vefsíðu

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Verkleg náttúrufræði

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 10. bekk.

Þetta val er ætlað nemendum í 10. bekk sem íhuga að fara á náttúrufræðibraut. Nemendur vinna með forhugmyndir sínar um það efni sem er til umfjöllunar hverju sinni. Unnið er með verklegar athuganir þar sem það á við. Með því að fylgja ferli vísindanna öðlumst við innsýn í hug vísindafólks og getum þannig gert okkur grein fyrir því hversu ótrúlega spennandi, krefjandi og áhugaverð vísindin eru. Reynt verður að taka fyrir aðra námsþætti í samráði við nemendur eins og hægt er.

Markmiðin eru að nemendur:

- efli áhuga á tilraunum, náttúrvísindum og nýsköpun

- æfi sig í að vinna eftir ferli vísinda og beiti réttu tungutaki
- öðlist færni í vísindalegum vinnubrögðum þeim tengdum og skrái niðurstöður í skýrslur
- þjálfri sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við úrvinnslu verkefna
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna með mismunandi efni og aðferðir

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Viðburðastjórnun

Kennt allt árið

Kennslustund: 40 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Nemendur vinna í sameiningu að því að skipuleggja árshátíð skólans. Kosnir eru þrír hópstjórar sem eru fremstir meðal jafningja og úthluta verkefnum sem nemendur hafa í sameiningu ákveðið að unnið skuli að í tengslum við árshátíðina, s.s. þema og fleira. Einnig munu nemendur í smærri hópum undirbúa, skipuleggja og stjórna minni viðburðum á skólatíma. Suma daga erum við lengur og þá sérstaklega þegar nær dregur árshátíð. Á móti kemur að val hættir fyrr að vori.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Vísindasmiðjan

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 9. bekk.

Aðaláhersla í þessu vali er heimsókn í Vísindasmiðju Háskóla Íslands, þar sem unnið verður með ýmis efni og lögmál vísinda. Gerðar verða fjölbreyttar tilraunir og athuganir. Nemendur læra einnig að setja fram rannsóknarspurningu og vinna að því að finna upplýsingar til þess að svara spurningunni.

Markmiðin eru að nemendur:

- auki sjálftraust sitt gagnvart náttúrugreinum
- fái aukinn áhuga á tilraunum, náttúrvísindum og nýsköpun
- tileinki sér vinnuferli, grunnhugmyndir og tungutak náttúrugreina
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna með mismunandi efni og aðferðir
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu sinni.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Vísindatímavélin – saga vísinda

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Nemendur velta fyrir sér vísindum svo sem hversu mikið af nútímatækninni er í rauninni nútímaleg? Er okkar tími sá eini tæknilegi tíminn í mannkynssögunni? Hér leika nemendur sér með vísindasöguna, velta fyrir sér hvernig tæki og tól sem við notum hafa orðið til og

þróast í gegnum söguna. Fjölmörg og ólík atriði verða skoðuð en einnig er rými fyrir áhugasvið nemenda. Námið byggist bæði á heimildavinnu og skapandi úrlausnum (í höndum og tölvu).

Markmiðin eru að nemendur:

- þjálfri vísindalæsi (að lesa, skilja og útskýra upplýsingar)
- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks m.a. út frá eigin áhugasviði.
- kynnist sögu og þróun vísinda frá mismunandi tímabilum.
- öðlist færni í að skoða og ígrunda jákvæða og neikvæða notkun vísinda í samfélaginu.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Zumba

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Zumba er sjóðheit líkamsrækt sem hefur farið sigurför um heiminn. Zumba er samblanda af dansi og fitness þar sem notast er við suður ameríska tónlist.

Nemendur kynnast helstu dansstílum sem notaðir eru í zumba, læra grunnsporin í þeim, þar sem kenndir eru dansar í líkingu við salsa, merengue, reggateon, cumbia o.fl. Kennslan er fyrst og fremst verkleg.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist mikilvægi þess að stunda heilsusamlega hreyfingu, styrkja sjálföruggi og þol, og að lifa heilbrigðu lífi
- geti samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu
- geti dansað mismunandi dansform sér til ánægju, sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.